

YFIRLÝSING

frá formanni og þingflokksformanni Framsóknarflokksins vegna afgreiðslu Icesave-frumvarps ríkisstjórnarinnar úr fjárlaganefnd

Meirihluti fjárlaganefndar tók fyrr í dag Icesave frumvarp ríkisstjórnarinnar út úr fjárlaganefnd Alþingis í andstöðu við fulltrúa minni hlutans. Þetta er gert skömmu eftir að IFS-ráðgjöf kynnti nefndinni drög að mati á frumvarpinu þar sem fram kemur að frumvarpinu fylgi mikil efnahagsleg áhætta og veruleg áhrif á hagkerfi Íslendinga og lífskjör. IFS hugðist skila af sér fullbúnu álitni á þorláksmessu en fékk ekki svigrúm til þess vegna aðgerða meirihlutans. Í þessu felst skýrt brot á samkomulagi sem minni- og meirihlutinn á Alþingi gerðu fyrir milligöngu þingforseta við lok 2.umræðu. Því til viðbótar hafa á undanförnum dögum komið fram afar mikilvægar og umfangsmiklar upplýsingar sem nefndinni bar að skoða áður en málið væri afgreitt.

Í samkomulagi sem náðist milli minni- og meirihlutans á Alþingi með milligöngu forseta þingsins var kveðið á um að ensk lögmannastofa yrði fengin til að leggja mat á Icesave-samningana sem nú eru í meðförum þingsins. Stjórnarandstaðan hefur mánuðum saman kallað eftir því að sú vinna færi fram enda sætir það furðu að ekki skuli hafa farið fram óháð mat sérfræðinga í enskum lögum á samningunum þrátt fyrir að um þá eigi að gilda ensk lög og enskir dómstólar skuli skera úr um þann ágreining sem kann að rísa.

Formönnum stjórnarandstöðu hafði verið tjáð að Alþingi hefði ekki ráð á að leita slíks álits enda þótt það fjallaði um lántöku þar sem vaxtagreiðslurnar einar og sér nema meira en 100 milljónum króna á dag. Að lokum var þó fallist á að veita fé til kaupa á slíku lögfræðiáliti. Fulltrúar stjórnarmeirihlutans viðruðu hugmyndir um að lögmannastofan Ashurst yrði fengin til verksins en það kom ekki til greina að mati minni hlutans, enda hafði Ashurst komið að gerð samningana og var því vanhæf til að leggja á þá óháð mat. Minni hlutinn gat þó sætt sig við að lögmannastofunni Mischon de Reya yrði falið að annast verkið enda þótt stjórnvöld hefðu sjálf leitað til þeirrar stofu á sínum tíma. Stjórnarandstaðan taldi það eðlilega sáttaleið í málinu að umræddri lögfræðistofu yrði falið að klára þá vinnu sem hún hafði hafið fremur en að leggja til nýja stofu sem vinna þyrfti verkið frá grunni á þeim stutta tíma sem áætlaður var til verksins.

Það kom okkur því í opna skjöldu þegar í ljós kom að lögmannastofan Ashurst hefði eftir sem áður verið beðin um álit. Ekki er ljóst á hvaða grundvelli sú ákvörðun var tekin eða hvernig á því stendur að þar sem áður voru ekki til peningar fyrir einu lögfræðiáliti væru skyndilega til peningar fyrir tveimur.

Þannig var stofu sem kom að vinnu við samningana falið að vinna álit á eigin vinnu. Ljóst mátti vera að slíkt mat yrði varla mjög gagnrýnið og því virðist ráðning stofunnar fyrst og fremst hafa verið hugsuð sem leið til að verja vinnu stjórnarinnar fremur en tilraun til að finna ágalla sem ráða þyrfti bót á. Var enda tafarlaust komið á framfæri frétt þess efnis að í skýrslunni kæmi fram að ef málaferli vegna Icesave töpuðust „gæti“ það leitt til enn meiri útgjalda heldur en í núverandi Icesave-samningum. Þessi augljósa staðreynd lá fyrir og kemur vart á óvart. Hins vegar gat lögfræðistofan ekki annað en fallist á að samningarnir mundu lifa sjálfstæðu lífi og að lagfæringar á evrópska innstæðutryggingakerfinu mundi ekki hafa nein áhrif til að bæta stöðu Íslands.

Það sætir furðu að meirihlutinn skuli hafa farið á svig við samning þann sem gerður var við minni hlutann á Alþingi með þessum hætti sem og að meirihlutinn telji sig þurfa að skapa mótvægi við hlutlaust álit. Þ.e. ef það álit kynni að leiða fram styrkleika í málstað Íslands í Icesave-deilunni.

Stjórnarmeirihlutinn hefur þó áður beitt sams konar aðferðum. Þegar kunnir lagsérfræðingar lýstu yfir efasemdum um að Icesave-frumvarpið stæðist stjórnarskrá tók meirihlutinn í fjárlaganefnd upp á því, án þess að það væri samþykkt á fundi nefndarinnar, að leita álits sömu lögfræðinga og sömdu frumvarpið á því hvort þeir teldu að það stæðist stjórnarskrá. Þrátt fyrir að þar sé um að ræða afar færa lögfræðinga er varla hægt að ætlast til þess að þeir

leggja mat á eigið frumvarp. Aftur var leitað álits sömu lögfræðinga á eigin vinnu eftir samkomulag stjórnar og stjórnarandstöðu þrátt fyrir fyrirheit um að sú yrði ekki raunin.

Varla uppfyllir Alþingi eftirlitsskyldu sína í Icesave-málinu með því að biðja þá sem unnu að gerð samningsins að leggja mat á samninginn og þá sem sömdu frumvarpið til að leggja mat á frumvarpið.

Á sama tíma heldur ríkisstjórnin uppi misvísandi fréttáflutningi af efnahagslegum áhrifum samninganna. Nýverið fullyrti viðskiptaráðherra að lækka mætti ábyrgðir ríkisins vegna Icesave um tugi milljarða með því að Seðlabanki Íslands gæfi út milljarðs evra skuldabréf og losað yrði um eignir í þrotabúi Landsbankans í Lúxembúrg. Fullyrðingarnar eru furðulegar í ljósi þess að umræddar eignir hafa þegar verið teknar með í reikninginn við mat á þrotabúi Landsbankans hf. en auk þess má ljóst vera að þegar Seðlabankinn tekur milljarð evra að láni til að greiða niður skuld annars staðar lækkar það ekki skuldsetningu ríkisins.

Ljóst virðist að sama hvaða upplýsingar koma fram um Icesave samningana og frumvarp fjármálaráðherra hyggist ríkisstjórnin keyra málið í gegn. Dæmalaus eru ummæli fjármálaráðherra í frettum í dag þess efnis að hann taki ekki mikið mark á ítarlegu álit Mischon de Reya en þeim mun meira á álitinu sem stjórnarmeirihlutinn pantaði frá þeim sem komu að gerð samninganna. Rökstuddi ráðherrann mál sitt með því að Mischon de Reya væri ekki mjög þekkt lögræðistofa. Þess ber að geta að Mischon de Reya er með kunnustu og virtustu lögmannastofum Bretlands auk þess sem stofan var upphaflega valin af stjórnvöldum til að leggja óháð mat á samninginn. Þeir bresku og bandarísku lögmenn sem lesið hafa Icesave samningana að beiðni þingmanna Framsóknarflokksins hafa auk þess allir komist að sömu niðurstöðu og Mischon de Reya.

Í ofangreindum aðgerðum stjórnarmeirihlutans birtist óásættanleg innherjapólitík sem minnir um margt á þær aðferðir sem ollu efnahagshruninu á síðast liðnu ári. Undirritaðir telja það mikið áhyggjuefni að stjórnvöld skuli nú rétt rúmu ári eftir efnahagshrunið beita slíkri innherjapólitík til að komast hjá gagnrýni og bókhaldsæfingum til að fela staðreyndir málsins.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson Gunnar Bragi Sveinsson

formaður Framsóknarflokksins þingflokksformaður framsóknarmanna